

24. mars 2022

Forsætisráðuneytið

## MINNISBLAÐ

**Tekið saman af skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála að ósk allsherjar og menntamálanefndar.**

### **Aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks- staða eldri borgara.**

Eins og fram kemur í umsókn Landssambands eldri borgara um aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks er engin aðgerð í áætluninni sem beinist sérstaklega að eldra fólki. Rétt er þó að benda á að verkefni þrjú: *Kortlagning á stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi* tekur meðal annars til stöðu og réttinda eldri borgara innan hinsegin samfélagsins.

### **Verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um eldra fólk innan hinsegin samfélagsins.**

Noregur sem nú fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hefur ýtt úr vör verkefni um lífsgæði eldra hinsegin fólks (Äldre LGBTI - personers livskvalitet) á vettvangi ráðherranefndarinnar um jafnrétti og hinsegin málefni og í samstarfi við ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál. Verkefnið er tveggja ára verkefni og er unnið í samstarfi við Ísland sem mun taka við því á næsta ári þegar Ísland fer með formennsku í ráðinu. Lokaráðstefna vegna verkefnisins er áætluð á Íslandi í nóvember 2023. Á lokaráðstefnunni munu koma saman þátttakendur frá stjórnvöldum, fagfólki og hagsmunaaðilum.

Um er að ræða verkefni sem felst í rannsókn á stöðu hópsins á Norðurlöndum og mun rannsóknin nýtast til stefnumótunar í málaflokknum. Eldra hinsegin fólk mætir ýmsum hindrunum í samfélaginu og þekking á stöðu hópsins er ófullnægjandi. Í verkefnalýsingunni er sérstök áhersla lögð á þjónustu við eldra hinsegin fólk í félagslega kerfinu og heilbrigðiskerfinu. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á lífskjörum eldra hinsegin fólks og leita leiða til að auka fræðslu meðal starfsmanna t.a.m. á hjúkrunarheimilum og annars staðar þar sem eldra fólk leitar eftir þjónustu.

Þá má einnig nefna að nýverið styrkti félags- og vinnumarkaðsráðherra, Samtökin '78 um 10 milljónir króna í þeim tilgangi að efla stuðning samtakanna við *hinsegin eldra fólk*. Styrkurinn mun nýtast samtökunum við að efla þjónustu við eldri borgara innan hinsegin samfélagsins og til fræðslu fyrir starfsfólk sem vinnur með hinsegin eldra fólki.